Um leið og jeg tilkynni yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar, endursendi jeg yður hjer með frumritin af reikningum þeim yfir kostnað við skoðunargjörðir á nýnefndum jörðum, er fylgdu framannefndu brjefi yðar 22. f. m. og skal þess getið, að með því að nokkrir af skoðunarmönnunum höfðu reiknað sjer 2 kr. fyrir hverja jörð, er þeir höfðu skoðað, þar sem þeim að eins bera 2 kr. fyrir hvern dag, sem þeir hafa verið að verkinu, þá hef jeg fært 2 af reikningnnm niður að því skapi, og eru úrskurðir þessir ritaðir á reikningana. Úrskurðuð upphæð reikninganna samtals verður 116 kr. 50 aur., og má greiða helming þessarar upphæðar, 58 kr. 25 aura, af umboðssjóði. 35 12. marz

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu* **um fækkun kúgilda á nokkrum þjóðjörðum í Skaptafellssýslu.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer álit sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu um aftöku eða fækkun kúgildanna á Efri og Syðri Steinsmýri og á öðrum þjóðjörðum í Meðallandinu, og um bónarbrjef frá nokkrum þjóðjarðalandsetum í Landbroti í Kleifahreppi um kúgildafækkun, svo og bónarbrjef frá ábúendum á þjóðjörðinni Breiðabólstað um sama efni, ásamt hjeraðlútandi brjefum frá umboðsmanni Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklausturs, dags. 16. nóv. f. á. og 15. f. m., og hafið þjer látið uppi álit yðar um málefni þetta. 36 12. marz

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg sakir skemmda þeirra, er orðið hafa á eptirn efndum jörðum, ákveð hjermeð, að kúgildum á þeim skuli fækkað svo, sem nú skal greina:

A. *Í Kleifahreppi.*

1.	Frá	Breiðabólstað	nemist	burt	1	kúgildi;	eptir	verði	2	kúg.
2.	—	Nýjabæ	—	—	½	— ;	—	—	½	—
3.	—	Hæðargarði	—	—	½	— ;	—	—	½	—
4.	—	Ytri-Tungu	—	—	½	— ;	—	—	½	—
5.	—	Eystri-Tungu	—	—	½	— ;	—	—	½	—
6.	—	Kárastörum	—	—	1	— ;	—	—	½	—
7.	—	Hátúni	—	—	1	— ;	—	—	½	—
8.	—	Efri-Vík	—	—	1	— ;	—	—	1	—
9.	—	Eystra-Dalbæ	—	—	½	— ;	—	—	1	—
10.	—	Eystri-Hrauni	—	—	½	— ;	—	—	1	—
11.	—	Ytra-Hrauni	—	—	1	— ;	—	—	»	—
12.	—	Arnardröngum	—	—	½	— ;	—	—	½	—

B. *Í Leiðvallarhreppi.*

1.	Af	Efri-Steinsmýri	nemist	burt	1¼	kúgildi;	eptir	verði	2	kúgildi
2.	—	Syðri-Steinsmýri	—	—	2	— ;	—	—	4	—
3.	—	Efri-Fljótum	—	—	1	— ;	—	—	1	—
4.	—	Syðri-Fljótum	—	—	½	— ;	—	—	1	—
5.	—	Hnausum	—	—	½	— ;	—	—	¼	—
6.	—	Staðarholti	—	—	½	— ;	—	—	1	—
7.	—	Langholti	—	—	1	— ;	—	—	1	—
8.	—	Skurðbæ	—	—	1	— ;	—	—	1	—

36 12. marz.

9.	— Grímstöðum	—	—	1½	—	;	—	—	»	—
10.	— Efri-Ey	—	—	2	—	;	—	—	2	—
11.	— Háu-Kotey	—	—	½	—	;	—	—	½	—
12.	— Lágu-Kotey	—	—	½	—	;	—	—	½	—
13.	— Nýjabæ	—	—	½	—	;	—	—	½	—
14.	— Sandaseli	—	—	¼	—	;	—	—	1	—
15.	— Söndum	—	—	½	—	;	—	—	1	—
16.	— Undirhrauni	—	—	1	—	:	—	—	1	—
17.	— Leiðvelli	—	—	1	—	;	—	—	1	—

Svo vil jeg og, samkvæmt tillögum yðar og af ástæðum þeim, er þjer takið fram, fallast á, að ábúendum framannefndra jarða verði gefinn kostur á að kaupa þau kúgildi eða kúgildishluta, er burt verða numdir samkvæmt framanskrifuðu, fyrir það verð, sem sett er á ær í verðlagsskránni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

37 12. marz

Brjef landshöfðingja *til biskupsins* **um sameining þriggja sókna og niðurlagning tveggja kirkna.** — Eptir ósk hlutaðeigandi sóknarnefnda og löglegri ályktun hjeraðsfundarins í Rangárvallaprófastsdæmi 20. dag sept. f. á., skal jeg hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegum brjefum 9. okt. f. á. og 4. þ. m., og að fengnum yfirlýsingum frá eigendum Steinakirkju og Skógakirkju í Eyvindarhóla-prestakalli, með skýrskotun til 4. greinar í lögum nr. 3, 27. febr. 1880, leggja samþykki mitt á,

1. *að* kirkjurnar á Steinum og Skógum í ofannefndu prestakalli verði lagðar niður þannig:
2. *að* sóknirnar sameinist Eyvindarhólasókn, og byggð verði á Eyvindarhólum ný kirkja fyrir hina þannig sameinuðu Eyvindarhólasókn og tilfalli þeirri kirkju tekjur þær, er áður hafa tilfallið Steinakirkju og Skógakirkju;
3. *að* skuldir Steinakirkju og Skógakirkju til eigenda þeirra falli niður, og eigendur Steinakirkju leggi fram kostnað allan að þriðjungi til byggingar hinni fyrirhuguðu stækkuðu Eyvindarhólakirkju, en eigendur Skógakirkju leggi fram 300 — þrjú hundruð— krónur;
4. *að* skrúði og áhöld (ornamenta et instrumenta) Steinakirkju og Skógakirkju hverfi til Eyvindarhólakirkju, nema hin minni kirkjuklukka í Skógum, er fylgja skal grafreitnum þar;
5. *að* rjettur sóknarprestsins að Eyvindarhólum til prestsmötu af Steinum og Skógum haldist óhreyttur.
6. Jörðunum Steinum og Skógum halda eigendur að óskertum rjettindum þeirra, hlunnindum öllum og ínytjum til fjalls og fjöru.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.